

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Helena Stefánsdóttir verkefnastjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

SENT Á SKIPULAGSGÁTT

Reykjavík, 12. marz 2026

Efni: Umsögn um tillögu að deiliskipulagi Borgarlínu um Suðurlandsbraut

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindrar deiliskipulagstillögu, sem birtist í Skipulagsgátt 29. janúar sl.

FA gætir hagsmuna fjölda fyrirtækja við Suðurlandsbraut og í Múlahverfi. Um er að ræða eitt helzta verzlunar- og þjónustusvæði Reykjavíkur. Á svæðinu starfa vel á annað þúsund fyrirtæki, með a.m.k. 5.500 starfsmenn og yfir 400 milljarða króna veltu. Fyrirtækin eiga að sjálfsögðu mikið undir því að aðgengi að hverfinu sé gott, jafnt fyrir starfsfólk og viðskiptavini, og umferð greið.

Í skipulagsferlinu hefur Reykjavíkurborg átt ýmis samskipti við húseigendur við Suðurlandsbraut. Þeir hafa komið á framfæri margvíslegum sjónarmiðum og tillögum við umhverfis- og skipulagssvið, sem lítið mark virðist hafa verið tekið á. Atvinnurekendum hefur verið sagt að þeir megi koma með tillögur, en þær verði að rúmast innan þess stífa ramma, sem þegar hafi verið ákveðinn. Borgin hefur ekki átt samskipti að eigin frumkvæði við eigendur fyrirtækja í Múlahverfi um fyrirhugaðar breytingar, þótt þær hafi augljós áhrif á hagsmuni þeirra.

Rétt er að taka fram að Félag atvinnurekenda, og félagsmenn þess almennt, styðja eindregið áform um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talin áformin um Borgarlínu. Félagið telur hins vegar að stífni borgaryfirvalda við útfærslu Borgarlínu, ekki sízt hvað varðar legu hennar um Suðurlandsbraut, stefni stuðningi við verkefnið í hættu. Að mati félagsins verða borgaryfirvöld að vera reiðubúin að hlusta á áhyggjur, ábendingar og tillögur atvinnurekenda í borginni ef áform um eflingu almenningssamgangna eiga að ganga eftir og njóta stuðnings.

Eftirfarandi eru meginathugasemdir og ábendingar FA.

I. Fækkun akreina á Suðurlandsbraut

Fækkun akreina fyrir bílaumferð á Suðurlandsbraut úr fjórum í tvær er stórlega misráðin. Sú leið er ekki farin á öðrum aðalleiðum Borgarlínu miðað við þær áætlanir, sem FA hefur séð. Það blasir við að þrengri Suðurlandsbraut mun ekki anna umferð, enda gera spár þær, sem skipulagstillögunni fylgja, ekki ráð fyrir að bílum sem fara um götuna fækki mikið á milli árána 2019 og 2040 (úr 26.000 í 21.000). Þessar spár virðast auk þess byggjast á þeim forsendum að framkvæmdir við Miklubrautargöng, Sæbrautarstokk og Sundabraut gangi eftir. Hins vegar er gert ráð fyrir framkvæmdum við Suðurlandsbraut 2027-2030, en hinar framkvæmdirnar eru mun lengra inni í framtíðinni. Þannig eru framkvæmdir við Miklubrautargöng áformaðar 2032-2038. Rætt hefur verið um að Sæbrautarstokkur yrði gerður 2027-2030, en augljóslega er ekkert vit í að fara við

framkvæmdir við hann á sama tíma og við Suðurlandsbrautina. Varðandi Sundabraut er ekkert fast í hendi. Parna er því verið að byrja á öfugum enda.

Þessi forgangsöröðun í framkvæmdum mun að öllum líkindum þýða umferðarteppur og tafir á Suðurlandsbraut og að umferð leiti annarra leiða, t.d. í gegnum Múlahverfið, með tilheyrandi teppum og töfum á því svæði. Af öllu þessu hafa atvinnurekendur í hverfinu stórar áhyggjur.

FA hvetur Reykjavíkurborg til að leita allra leiða til að koma Borgarlínu fyrir á Suðurlandsbraut án þess að fækka akreinum og þrengja stórlega að bílaumferð. Full ástæða til að skoða hvort þörf er t.d. á nýjum hjóla- og göngubrautum sunnan götunnar, eins og gert er ráð fyrir í skipulagstillögunni. Greiðar leiðir fyrir gangandi og hjólandi eru nú þegar norðan götunnar og að mati FA og félagsmanna við Suðurlandsbraut ætti fremur að horfa til þess að bæta aðgengi á gönguleiðinni meðfram byggingunum sjálfum sunnan Suðurlandsbrautar. Þá er ástæða til að endurskoða það rými, sem gefa á gróðri við götuna.

II. Fækkun bílastæða fyrir viðskiptavinum

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að bílastæðum fyrir framan byggingar á Suðurlandsbraut, sem viðskiptavinir nota helzt, fækki úr 554 í 366, eða um rúmlega þriðjung. Atvinnurekendur við Suðurlandsbraut hafa áhyggjur af því að skortur á bílastæðum við Suðurlandsbraut fæli viðskiptavinum frá viðskiptum. Fyrirtæki í Múlahverfi hafa áhyggjur af að viðskiptavinir fyrirtækja á Suðurlandsbraut leggi í vaxandi mæli í hliðargötum Suðurlandsbrautar og öðrum götum í Múlahverfinu, með tilheyrandi álagi á bílastæði fyrirtækja sem þar starfa.

Bent hefur verið á að fallið hafi verið frá áformum um bílastæðahús nærri nýrri Þjóðarhöll í Laugardal, á lóð sunnan við hús ÍSÍ og ÍBR. Bílastæðahús við Þjóðarhöllina hefði getað nýtt starfsfólki og að einhverju leyti viðskiptavinum fyrirtækja við Suðurlandsbraut. Verði það ekki reist um leið og höllin, blasir hins vegar við að samfara fækkun á bílastæðum við götuna aukist ásókn í þau vegna stórvíðburða í Þjóðarhöllinni.

FA hvetur Reykjavíkurborg til að leita leiða til að tryggja að bílastæðum við Suðurlandsbraut fækki ekki, en mæta slíkri fækkun ella með því að reisa bílastæðahús við Þjóðarhöllina.

III. Rask á framkvæmdatíma

Atvinnurekendur við Suðurlandsbraut hafa miklar áhyggjur af því raski, sem fylgja mun breytingum á götunni á framkvæmdatíma. Bent er á skelfileg fordæmi t.d. frá endurnýjun Hverfisgötu, þar sem framkvæmdir töfðust misserum saman með afar neikvæðum afleiðingum fyrir rekstur fyrirtækja við götuna.

Jafnframt hafa atvinnurekendur í hverfinu miklar áhyggjur af því að framkvæmdir við nýju Þjóðarhöllina séu áformaðar á sama tíma og umbreyting Suðurlandsbrautar samkvæmt deiliskipulagstillögunni. Sú staðreynd að reisa verður höllina fyrir árið 2031, þegar Ísland á að halda heimsmeistaramót í handbolta, þýðir að tímabil þessara tveggja framkvæmda skarast að verulegu leyti. Byggingu hallarinnar fylgir veruleg þungaumferð og rask. Þessar aðstæður auka enn á

mikilvægi þess að áætlanir séu vandaðar, skýrar, aðgengilegar, kynntar með góðum fyrirvara og að þeim megi treysta.

FA kallar eftir því að þegar endanleg útfærsla breytinganna liggur fyrir, gangist borgin fyrir virku samráði og samtali við fyrirtækin í hverfinu um útfærslu framkvæmda og leitist við að læra af fyrri mistökum. Nauðsynlegt er að fyrirkomulagið verði kynnt með a.m.k. hálfs árs fyrirvara. Um leið þarf Reykjavíkurborg að birta áreiðanlega tímaáætlun fyrir einstaka verkþætti og svæði, þar sem m.a. komi fram hvernig lokunum og aðgangi að húsnæði fyrirtækjanna fyrir viðskiptavinum verði háttað. FA undirstrikar enn að þetta samráð verður að fara fram við fyrirtæki í öllu hverfinu, ekki eingöngu við húseigendur á Suðurlandsbraut.

IV. Að lokum

FA leggur áherzlu á að fundnar verði leiðir til að leggja Borgarlínu um Suðurlandsbraut án þess að fækka akreinum úr fjórum í tvær. Sömuleiðis þarf að leita leiða til að draga úr fækkun bílastæða við götuna eða mæta henni með bílastæðahúsi í Laugardal. Að mati félagsins er gríðarlega mikilvægt að læra af mistökum við fyrri endurgerð gatna, t.d. Hverfisgötu, og standa betur að áætlanagerð, samstarfi og samráði við atvinnurekendur við Suðurlandsbraut. FA kallar sömuleiðis eftir því að samráð verði haft við húseigendur og atvinnurekendur bæði við götuna sjálfa og í Múlahverfi og hlustað eftir sjónarmiðum og ábendingum atvinnulífsins.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með umhverfis- og skipulagssviði ásamt félagsmönnum sínum í hverfinu.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA